

72. fundur skráningarráðs haldinn 8. maí 2013 kl. 9-11, Landskerfi bókasafna

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Árný Sveina Þórólfsdóttir og Sigrún Marelisdóttir (fundarritari).
Rósa S. Jónsdóttir boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Farið var yfir fundargerðina og hún samþykkt.
2. **Skráning DVD boxa.** Árný ræddi um skráningu á DVD boxum og var með sem dæmi box sem innihélt þrjár myndir með sama leikaranum. Spurning um hvort væri réttara að skrá í einni færslu eða þremur. Eins og kom fram á síðasta fundi skrá Lbs og BBS slíka mynddiska hvern fyrir sig en það var niðurstaða á fundinum að erfitt væri að setja ákveðnar reglur um skráningu á þessum boxum. Söfnum er því í sjálfsvald sett hvernig þau skrá þetta efni og verður að meta hverju sinni.
3. **Indexering.** Indexeringin gekk vel og engar villur komu fram. Í skráningu er nú hægt að sækja formgreiningu með f4. Nauðsynlegt er að laga og samræma formgreininguna í flettilista. Þegar RDA tekur við er horfið frá formgreiningu og svið 336, 337 og 338 taka við eins og sést þegar marksniðið er skoðað. Í framhaldi af þessu voru umræður um RDA. Verið er að þýða RDA reglurnar á Norðurlandamálin. Reglurnar verða eins og áður hefur komið fram ekki þýddar í heild á íslensku, en nauðsynlegt er að þýða lykilhugtök. Veiddar færslur skráðar skv. RDA eru farnar að berast. Hvernig á að ganga frá skráningu á þeim? Sigrún Hauksdóttir greindi frá nýju skjali frá Ex Libris: ***Ex Libris Solution overview for Resource Description and Access (RDA)*** en þar kemur fram hvaða breytingar Ex Libris er að gera og hyggst gera á t.d. Aleph og Primo til að greiða fyrir innleiðingu á RDA. Þar kemur jafnframt fram að notendur geta bætt við RDA sviðum og gert breytingar eftir þörfum.
4. **Rafgagnahópur.** Sveinbjörg Sveinsdóttir kom á fundinn og ræddi um að stofna þarf sérstakan hóp, rafgagnahóp. Rafrænt efni verður æ fyrirferðarmeira og brýn þörf er fyrir góða samvinnu og samræmi á rafgögnum til að tryggja aðgengi þess. Með þetta í huga á að mynda sérstakan hóp með fjölbreytt sjónarmið til þess að móta stefnu um aðgengi að rafræna safnkostinum. Og viðhald. Landskerfi bókasafna hefur verið falið að útbúa markmiðslýsingu fyrir hópinn og skipa formlega í hann. Rætt var um hverjir og hversu margir ættu að vera í þessum hóp og tillaga gerð um skipan hans.
5. **Önnur mál.** Sveinbjörg Sveinsdóttir ræddi um nýjan vef <http://gogn.island.is/> en þar verða gögn ríkis, sveitarfélaga og stofnana aðgengileg. Þessi vefur er í þróun. Spurning um hvort og hvernig gögn frá bókasöfnum koma til með að birtast á þessum vef.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.